

Reglur um niðurgreiðslu vegna daggæslu barna í heimahúsum

Endurskoðaðar í ársbyrjun 2025.

1. Barn það sem niðurgreitt er fyrir skal hafa lögheimili í Reykjaneshbæ.
2. Dagforeldri þarf að hafa starfsleyfi samkvæmt reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum nr. 907/2005
3. Það barn sem niðurgreitt er fyrir skal vera á biðlista eftir leikskólavistun.
4. Foreldrar allra barna sem dvelja hjá dagforeldrum og eiga lögheimili í Reykjaneshbæ eiga rétt á niðurgreiðslu dvalargjalds að loknu fæðingarorlofi.
5. Greitt er niður fyrir barn í 11 mánuði á ári hverju.
6. Niðurgreiðsla greiðist til dagforeldris samkvæmt samningi. Skilyrði fyrir niðurgreiðslu er staðfesting á vistunartíma barns af hálfu dagforeldris.
7. Niðurgreiðsla sem veitt er á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga er ætíð endurkræf. Heimilt er að draga upphæð, sem fengin hefur verið með slíkum hætti, frá næstu niðurgreiðslu.
8. Niðurgreiðsla er samkvæmt gjaldskrá Reykjaneshbæjar hverju sinni. Árið 2025 er niðurgreiðslan 90.165 miðað við 8 tíma vistun fyrir börn á aldrinum 12-18 mánaða. Þegar börn hafa náð 18 mánaða aldri er niðurgreiðslan 130.000.
9. Tekjulágir foreldrar geta sótt um auka niðurgreiðslu. Auka niðurgreiðsla er háð mánaðartekjum síðustu þriggja mánaða. Ef foreldrar eru í sambúð eða hjónabandi er um samanlagðar tekjur þeirra að ræða. Auka niðurgreiðslu þarf að sækja um hjá Velferðarsviði Reykjaneshbæjar, Tjarnargötu 12, 230 Reykjaneshbæ.
10. Eftifarandi gögn þurfa að fylgja umsókn um auka niðurgreiðslu. Afrit að skattaskýrslu síðasta árs. Yfirlit tekna síðustu þriggja mánaða þ.m.t.; launaseðlar, tryggingabætur, lífeyrissjóðsgreiðslur, atvinnuleysisbætur og fjárhagsaðstoð.
11. Auka niðurgreiðsla er samkvæmt gjaldskrá Reykjaneshbæjar hverju sinni